

**Ed. 493. Frumvarp til laga [202. mál]**  
um Útflutningslána sjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð, er nefnist Útflutningslána-sjóður.

Stofnaðilar sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlána-sjóður. Þeir leggja honum til fé. sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgðast fiárskuldbindingar hans.

Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fer þá um fram-lagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins, eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar.

2. gr.

Hlutverk Útflutningslána sjóðs er:

- a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skina og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innan lands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð,
- b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innan lands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

3. gr.

Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum.

Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántök-um hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.

4. gr.

Um stjórn sjóðsins og rekstur fer ettir stofnsamningi, er aðilar sjóðsins gera með sér, svo og reglugerð, sbr. 7. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins. Skal Landsbanki Íslands eða sú lánastofnun, sem til þess er kjörin, annast afgreiðslu lána og innheimtu.

Laust fé sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn nýtur sömu réttinda og veitt eru Framkvæmdasjóði Íslands með 11. og 12. gr. laga nr. 66 frá 13. maí 1966.

7. gr.

Viðskiptaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu skapast ný viðhorf fyrir íslenzkan iðnað, að því er snertir útflutning afurða hans. Á þetta ekki sízt við um ýmiss konar framleiðslu, sem flokkast undir fjárfestingarvörur, og má því gera ráð fyrir, að útflutningur slíkra vara fari vaxandi á næstu árum.

Meiri háttar fjárfestingarvörur eru almennt seldar með greiðslufresti. Óhætt er að fullyrða, að á seinni árum hafi greiðsluskilmálar haft vaxandi þýðingu í sölu fjárfestingarvara. Fæst fyrirtæki hafa hins vegar bolmagn eða getu til þess að starfa sem lánastofnun auk venjulegs reksturs. Í flestum iðnaðarlöndum hefur því verið komið á fót stofnunum, sem fjármagna slík útflutningslán. Starfsemi þessara stofnana hefur farið vaxandi við aukna samkeppni og eru þær víða orðnar ómissandi fyrir útflutningsiðnað viðkomandi lands.

Ríkisstjórnin telur tímabært, að slíkri stofnun verði komið á fót hérlendis og leggur til, með frumvarpi þessu, að Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Iðnlánasjóði verði veitt heimild til stofnunar útflutningslánasjóðs.

Hlutverk Útflutningslánasjóðs er að fjármagna útflutningslán, sem veitt eru vegna útflutnings meiri háttar innlendra fjárfestingarvara. Útflutningslán eru lán, sem útflytjendur (framleiðendur) veita erlendum kaupendum sínum og eru til lengri tíma en eins árs. Gert er ráð fyrir að þessi lán verði einskorðuð við kaup á meiri háttar vélum og tækjum og stærri samninga og yrði þar reynt að fylgja svipuðum reglum og gilda í nágrannalöndunum. Yfirleitt yrði þar sú regla, að lengd lána og lánskjör fara mjög eftir því, hve stóra samninga er um að ræða. Reynt hefur verið að samræma lánskjör á útflutningslánunum með alþjóðlegum samningum og er sjálf-sagt að Íslendingar fylgi þeim, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur mun Útflutningslánasjóður veita svonefnd samkeppnislán, en það eru lán, veitt innlendum framleiðendum fjárfestingarvara, sem framleiða fyrir innlenda markað í samkeppni við erlenda aðila.

Samtímis frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Tryggingardeildin tekur að sér að ábyrgjast lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita til fjármögnunar á útflutningslánunum auk þess, sem gert er ráð fyrir að útflytjendur geti tryggt sig hjá deildinni gegn tapi á kröfum á hendur erlendum aðilum. Þess er vænt, að með tilkomu þessa útflutningslánakerfis (Útflutningslánasjóður og tryggingardeild útflutningslána) styrkist mjög samkeppnisaðstaða íslenzks útflutningsiðnaðar í harðnandi samkeppni við erlenda aðila.

Að öðru leyti vísast hér til fylgiskjals frumvarps þessa, sem eru tillögur Seðla-banka Íslands um útflutningslán og ábyrgðir.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að Útflutningslána-sjóður verði sjálfstæð persóna að lögum, sem lúti sérstakri stjórn, sem nánar sé kveðið á um í stofnsamningi og reglugerð, sbr. ákvæði 4. gr. frumvarpsins.

Samizt hefur um, að stofnaðilar sjóðsins verði Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður, og er ráð fyrir því gert í frumvarpinu, að þeir leggi sjóðnum til fé, eins og þar segir.

Æskilegt þykir að hafa aðild að sjóðnum ekki bundna við stofnaðila hans. Því er gert ráð fyrir því í 3. mgr. 1. gr., að viðskiptabankar, einn eða fleiri, geti gerzt aðilar að honum með samningi við sjóðsstjórn.

Um 2. gr.

Gerð er grein fyrir efni þessarar greinar í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 3. gr.

Stofnféð skal lagt fram eftir þörfum sjóðsins, en þó ekki á skemmri tíma en þremur árum og ekki lengri tíma en fimm árum. Áætlað er, að stofnaðilar greiði samtímis jafnháa upphæð hver.

Um 4. gr.

Eðlilegt er, að stofnsamningur aðila ákveði nánar um stjórn og rekstur sjóðsins, að því leyti, sem þau atriði eru ekki ákveðin í reglugerð.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Landsbanka Íslands verði falin umsjá sjóðsins og hann sjái um daglega afgreiðslu lána og innheimtu þeirra. Þessi leið er valin, þar sem væntanlega mun hún reynast bæði hagkvæmari og ódýrari, heldur en að setja á stofn sérstaka afgreiðslu í þessu sambandi. Einnig er á það að líta, að Landsbankinn er umsvifamesti viðskiptabanki landsins og hefur sterk erlend bankasambönd og er þar af leiðandi bezt til þess fallinn að taka að sér umsjá sjóðsins.

Um 6. gr.

Eðlilegt er, að sjóðurinn njóti sömu réttinda og ákveðin eru í tilvitnuðum lögum um Framkvæmdasjóð.

Er þar í fyrsta lagi átt við það, að sjóðurinn verði undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga eða annarra stofnana, þ. m. t. stimpilgjaldi af eigin skuldbindingum.

Í öðru lagi er átt við það, ef fasteign er seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, þá ber uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Útflutningslána-sjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

12. febrúar 1970.

### TILLÖGUR UM ÍSLENZKT ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISLÁNAKERFI

#### I. AÐALINNIHALD TILLAGNANNA

Yfirleitt ná erlend útflutningslánakerfi yfir a) lánastofnun, sem fjármagnar innlendan útflutning og b) tryggingastofnun, sem tryggir veitendur útflutningslána (lánastofnanir, framleiðendur) gegn tapi á erlendum kröfum. Í þessum tillögum um íslenzkt kerfi, er gert ráð fyrir því, að útflutningslánastofnunin fjármagni svo-nefnd samkeppnislán auk útflutningslána.

1. Settur verður á stofn útflutnings- og samkeppnislánasjóður. Aðilar að Sjóðnum verði Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Sjóðurinn veitir lán til fjármögnunar á útflutningi fjárfestingarvara, sem seldar eru með lengri en eins árs greiðslufresti. Enn fremur fjármagnar Sjóðurinn sölu innlendra framleiðenda á fjárfestingarvörum, til innlendra kaupenda. Afgreiðsla Sjóðsins skal vera hjá Landsbanka Íslands.
2. Ríkisábyrgðasjóður tekur að sér að tryggja útflutningslán, sem veitt eru vegna útflutnings innlendra vara. Sérstök nefnd tekur ákvarðanir viðvíkjandi þessari starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum, einum frá fjármálaráðuneytinu, einum frá viðskiptaráðuneytinu og einum frá Seðlabanka Íslands (Ríkisábyrgðasjóði).

#### II. ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISLÁNASJÓÐUR

Komið verði á fót samlagssjóði ákveðinna aðila. Sjóðurinn fjármagnar íslenzkan útflutning á fjárfestingarvörum auk þess sem hann veitir samkeppnislán. Nafn hans verði Útflutningslánasjóður.

##### 1. Hlutverk.

Hlutverk samlagssjóðsins (hér á eftir nefndur Sjóðurinn) er þríþætt.

**Útflutningslán:** Sjóðurinn fjármagnar samkvæmt nánar ákveðnum reglum útflutning á íslenzkum fjárfestingarvörum, sem seldar eru með löngum greiðslufresti. Með fjárfestingarvörum er einkum átt við vélar og tæki, en með löngum greiðslufresti er átt við greiðslufrest, sem er lengri en 12 mánuðir.

**Samkeppnislán:** Sjóðurinn tekur að sér hlutverk bankanna varðandi veitingu samkeppnislána. Samkeppnislán eru lán, veitt innlendum framleiðendum, sem framleiða fyrir innlendan markað í samkeppni við erlenda aðila. Einnig hér er um fjármögnun á sölu véla og tækja með greiðslufresti að ræða. Sala fiskiskipa fellur ekki undir þennan lið.

**Fjármögnun vegna sölu/kaupa skipa:** Þessi þáttur, sem eðli sínu samkvæmt ætti að falla undir hina báða, er talinn upp sérstaklega bæði vegna fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs og vegna þess hversu háar upphæðir eru samfara fjármögnun á skipasölu, hvort sem hún er til innlendra eða erlendra aðila. Útflutningur hvers konar nýrra skipa fellur undir útflutningslán, þó með þeim fyrirvara að hluti lánsins, þ. e. a. s. það sem fer í að greiða erlendan kostnað, sé gjaldeyrislán.

Fiskveiðasjóður fjármagnar kaup innlendra aðila á fiskiskipum, en eðlilegt er, að Sjóðurinn taki einnig einhvern þátt í þeirri fjármögnun, ef hann hefur til þess bolmagn, enda er hér að nokkru um eins konar samkeppnislán að ræða. Fyrirgreiðsla vegna sölu annarra nýrra skipa til innlendra aðila mun hins vegar falla beint undir starfssvið Sjóðsins. Einnig hér er lánið veitt með þeim fyrirvara að hluti þess sé gjaldeyrislán.

## 2. Aðilar að Sjóðnum og fjármögnunargeta hans.

Að Sjóðnum standa Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Framlag þeirra skal samtals nema 150 millj. kr., 50 millj. kr. frá hverjum. Ekki hefur þótt rétt að leggja til, að aðrir bankar verði aðilar að Sjóðnum, þar sem þeir mundu ekki geta staðið undir eins háu eigin fjárframlagi og hér er talið nauðsynlegt. Hins vegar væri rétt að halda opnum möguleikanum til fjölgunar framlagsaðila síðar, ef ástæða þykir til.

Stofnféð skal leggjast fram samkvæmt þörfum Sjóðsins, en þó ekki á skemmri tíma en þremur árum og ekki á lengri tíma en fimm árum. Aðilarnir greiða samtímis, jafn háa upphæð hver. Að meðaltali greiðir því hver þeirra a. m. k. 10 millj. kr. á ári og í mesta lagi 16.7 millj. kr.

Sjóðurinn notar stofnféð til fjármögnunar á þeim viðskiptum, sem hann tekur að sér að greiða fyrir svo og til þess að standa straum af framkvæmdakostnaði.

Sjóðurinn hefur enn fremur heimild til að taka lán, jafnt innanlands sem utan. Eignir sjóðsaðila eru tryggingar fyrir slíkum lánum, ekki síður en stofnféð. Innlendra lána mun Sjóðurinn einkum afla með samningum við viðskiptabankana, Atvinnuleysistryggingasjóð og Iðnþróunarsjóð.

Lánsfé Sjóðsins skal geymt á reikningi í Seðlabankanum.

## 3. Stjórn.

Stjórnin er skipuð fulltrúum frá framlagsaðilum Sjóðsins, einum frá hverjum. Hún ákveður vaxtakjör auk þess sem hún setur lágmarksskilyrði og almennar reglur fyrir lánveitingum.

Helztu lágmarksskilyrði skulu vera:

- a) Útflutningslánatrygging hjá Ríkisábyrgðasjóði og skal lánið ekki nema hærri upphæð en þeirri, sem svarar til hins tryggða hluta þeirra. Aðrar tryggingar geta verið bankaábyrgð, ef um samkeppnislán er að ræða, fasteignaveð eða önnur þau verðmæti, sem stjórn Sjóðsins álitur nægilegar.

Þar sem Ríkisábyrgðasjóður mun væntanlega tryggja 70—90 hundraðshluta af hverju láni, sem hann greiðir fyrir (þ. e. a. s. 56—72% samningsupphæðar), skulu lán úr Sjóðnum ekki nema hærri hundraðshluta af viðskiptum en 56—72%.

- b) Innborgun kaupanda (down payment) í seinasta lagi við afhendingu (móttöku) vörunnar. Innborgunin skal ekki vera minni en 20% af samningsupphæð. Þessu skilyrði er ekki alltaf stranglega framfylgt erlendis og getur hlutfallstalan verið lækkuð í allt að 10%.

Í upphafi hvers árs gerir stjórn Sjóðsins útlánaáætlun fyrir komandi ár, auk þess sem hún áætlar (fyrstu 3 til 5 árin) hve stór hluti framlaga skuli leggjast fram á árinu og hvaða lánsfjár þarf að afla til starfsemi sjóðsins. Í lok hvers bókhaldsárs, sem skal vera hið sama og almanaksárið, semur stjórnin skýrslu um starfið á árinu og leggur hana fyrir aðilana, sem standa að sjóðnum.

Umsækjendur sækja um fyrirgreiðslu annaðhvort um viðskiptabanka sinn eða beint til Sjóðsins. Nauðsynlegar upplýsingar skulu fylgja umsókninni, svo sem vörutegund, samningsupphæð, greiðsluskilmálar, innborgun kaupanda og hvort aðrar stofnanir taki þátt í að greiða fyrir viðkomandi viðskiptum.

Til þess að taka ákvörðun um lánsveitingu þarf meiri hluti stjórnarinnar (tveir af þremur) að vera fylgjandi henni. Hafi stjórnin samþykkt ákveðna fyrirgreiðslu, lætur hún framkvæmdaaðilann (Landsbanka Íslands) vita um ákvörðun sína og sér hann þá um framkvæmd fyrirgreiðslunnar.

## 4. Framkvæmdaaðili.

Stjórn Sjóðsins felur Landsbanka Íslands alla framkvæmd viðvikjandi útborgun og innheimtu lánsfjár. Það mun væntanlega vera bæði hagkvæmara og ódýrara að

fela Landsbankanum þetta verkefni, heldur en að koma á sérstakri afgreiðslu í þessu sambandi. Landsbankinn er umsvifamesti viðskiptabanki landsins og hefur sterk erlend bankasambönd og er þar af leiðandi vel til þess fallinn að inna þessa þjónustu af hendi.

Landsbankinn heldur allri starfsemi fyrir sjóðinn aðskildri frá annarri starfsemi sinni. Landsbankinn fær einhverja þóknun fyrir þjónustu sína, og er hún samkomulagsatriði stjórnar Sjóðsins og stjórnar Landsbankans.

#### 5. Endurskoðun á skipulagi Sjóðsins.

Breytingar, sem kunna að reynast nauðsynlegar, viðvikjandi framlögum (hækkun) eða aðild (nýir aðilar bætast við, eldri ganga úr Sjóðnum) eru háðar samkomulagi sjóðsaðila á hverjum tíma.

### III. ÚTFLUTNINGSLÁNATRYGGINGASTOFNUN

#### 1. Stofnun og ákvörðunarvald.

**Ríkisábyrgðasjóður** tekur að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir (innlendar eða erlendar) veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánnum, sem þeir veita erlendum kaupendum.

Enn fremur er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenzkra útflytjenda á erlenda kaupendum, enda hafi þær til orðið vegna innlends útflutnings.

Alþingi ákveður hámark leyfilegra skuldbindinga Ríkisábyrgðasjóðs vegna trygginga og ábyrgða á útflutningslánnum, er gildi til ákveðins tíma í senn.

Umsóknir um tryggingu á útflutningslánnum skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem tekur afstöðu til umsóknanna, auk þess sem hún ákveður með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands (Ríkisábyrgðasjóðs).

#### 2. Tryggingar á útflutningslánnum.

**a) Tryggingartaki:** Tryggja má lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir hafa veitt útflytjendum til fjármögnunar á útflutningi seldum með greiðslufresti.

Enn fremur er heimilt að tryggja íslenzka útflytjendur gegn tapi á kröfum á hendur erlendum kaupendum þeirra, enda hafi kröfurnar orðið til vegna innlends útflutnings.

**b) Varan:** Einkum eru tryggð útflutningslán, sem veitt eru vegna útflutnings innlendrar vöru, eða þjónustu (t. d. verkfræðilegrar), svo og til að koma upp birgðum erlendis. Enn fremur má tryggja lán, sem veitt eru til eflingar (stækkunar) erlendra markaða (t. d. auglýsingar).

**c) Áhættan:** Unnt er að tryggja gegn áhættu, sem getur verið viðskiptalegs eðlis og/eða stjórnmalalegs eðlis.

**Áhætta viðskiptalegs eðlis.**

Gjaldþrot kaupanda, og/eða vangeta hans til að standa við samningsbundnar greiðslur.

Að kaupandi innir ekki greiðslu af hendi innan 6 mánaða frá gjalddaga.

Óréttlæt看leg neitun kaupanda til að taka á móti vörunni.

Vanefndir kaupanda á gerðum samningum.

**Áhætta stjórnmalalegs eðlis.**

Nýjar hömlur á innflutningi í landi kaupanda.

Atburðir, sem gerast meðan vörunnar eru í flutningi og hindra að unnt sé að afhenda þær kaupanda.

Varanlegar truflanir, sem varða efnahagslegt og stjórn málalegt ástand í landi kaupanda, svo sem stríð, uppreisn, bylting, náttúruhamfarir, almenn frestun á greiðslu erl. lána (moratorium) og eignarnám.

Nýjar hömlur í landi kaupanda á yfirfærslum og greiðslum.

(Trygging gegn náttúruhamförum er stundum aðeins óbein, þ. e. a. s. ef kaupandi verður gjaldþrota vegna slíkra hamfara).

Gerður er greinarmunur á því, hvort kaupandi sé opinber eða einkaaðili. Öll áhætta í viðskiptum við opinber fyrirtæki er stjórn málalegs eðlis, þar sem slík fyrirtæki geta, eðli sínu samkvæmt, ekki orðið gjaldþrota.

Unnt er að tryggja gegn annaðhvort viðskiptalegri áhættu eða stjórn málalegri áhættu einni saman, eða báðum í einu.

Enn fremur er gerður greinarmunur á tryggingu fyrir og eftir útskipun. Sé um tryggingu fyrir útskipun að ræða, er viðkomandi útflutningslán tryggt gegn því að kaupandi neiti, eða geti ekki tekið við vörunni. Þetta á einkum við meiriháttar fjárfestingu, sem er sniðin samkvæmt þörf kaupanda og því erfitt að selja til annars aðila.

Ekki er mögulegt að tryggja gegn gengisáhættu, og eru skaðabætur greiddar á því gengi, sem gildi við útskipun vörunnar eða, hafi skráningin lækkað, á því gengi, sem gildir þegar greiðsla á kröfu fer fram.

Önnur áhætta, sem ekki er unnt að tryggja sig gegn, er áhætta, sem útflytjandi getur haft „stjórn“ á, áhætta vegna deilna um afhendingu og gæði útfluttra vara, áhættu vegna aukins kostnaðar.

d) Hlutfallsleg hámarkstrygging: Hér er átt við það hámarkshlutfall, sem tryggja má af hverju einstöku láni (lánið er sammingsupphæð að frádreginni innborgun kaupanda). Þar sem ætlað er til að framleiðandi (útflytjandi) eða viðskiptabanki hans beri hluta af áhættunni, ætti að takmarka hlutfallslega hámarks-tryggingu við 70—90% útflutningslánsins. Útflytjandi og/eða viðskiptabanki hans bera því a. m. k. 10% og allt að 30% af áhættunni, en það svarar til 8%—24% af heildarandvirði útflutningssammingsins.

(Dæmi: Samningsupphæð 1000 kr. — innborgun 200 kr. = kr. 800, sem er hið eiginlega útflutningslán. Af þessari upphæð tryggir Ríkisábyrgðasjóður 70—90%, sem svarar til 560—720 króna. Útflytjandi og/eða viðskiptabanki hans bera því sjálfir áhættuna af 80—240 krónum).

Nefndin ákveður, hver hlutfallsleg hámarkstrygging á að vera í hvert sinn. Venjan er sú, að sé um viðskiptalega áhættu að ræða, nái tryggingin til 70—80% lánsins, nema traustur erlendur banki hafi ábyrgt það, þá nær tryggingin til allt að 90% lánsins. Ef um er að ræða stjórn málalega áhættu, nær tryggingin til allt að 90% lánsins.

e) Tryggingartíminn: Samkvæmt samþykki meðlima Bernsamtakanna (Berne Union) á eftirfarandi tryggingartími að gilda:

meiriháttar fjárfestingarvörur .....	5 ár
léttar fjárfestingarvörur (t. d. landbúnaðarvélar) .....	3 ár
varanlegar (durable) neyzluvörur .....	18 mán.
neyzluvörur og hráefni .....	6 mán.

Helztu undantekningar frá reglu þessari eru í sambandi við sölu á nýjum skipum, svo og vegna útflutnings til þróunarlandanna, en þá má bjóða sömu eða svipaða skilmála og útflytjendur annarra landa bjóða með opinberum stuðningi (matching principle).

f) Tryggingarskirteini: Sérstök skirteini eru gefin út fyrir hvert einstakt útflutningslán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir fá tryggð.

Noti Ríkisábyrgðasjóður heimildina um að tryggja kröfur (útflutningslán) innlendra útflytjenda á erlenda kaupendur, getur hann gefið út þrenns konar skirteini:

**Veltiskírteini.** Þessi skírteini tryggja öll „stutt“ viðskipti (allt að 12 mánuðum) útflytjandans við eitt land, nokkur ákveðin lönd eða öll lönd. Skírteini þessi geta enn fremur verið bundin við ákveðinn kaupanda eða ákveðna kaupendur. Þau mega endurnýjast á árs fresti.

**Heildarskírteini.** Útflytjandi getur fengið afslátt á iðgjöldum, með því að tryggja allan útflutning sinn með einni heildartryggingu.

**Einstök skírteini.** Þessi skírteini ná til einstakra viðskipta. Þau geta verið til stutts, miðlungs- eða langs tíma.

Til athugunar væri, hvort enn fremur skyldi gefa út tryggingaloforð, en það eru fyrirheit tryggingarstofnunarinnar um að tryggja ákveðin viðskipti. Þau gera útflytjanda kleift að gera bindandi samning við kaupanda, vitandi það, að viðskiptin munu verða tryggð, ef af þeim verður.

**g) Iðgjöld:** Nefndin ákveður hver iðgjöld skulu vera hverju sinni. Þau yrðu væntanlega ákveðin með tilliti til upphæðar lánsins og efnahagslegs og stjórn mála-ástands í landi kaupanda.

Erlendis er löndum skipt í mismunandi áhættuflokka og er það ein ástæðan til þess að iðgjöldin eru sjaldan birt opinberlega. Hér á eftir er brugðið upp grófri mynd af sænsku iðgjöldunum. Taflan, sem er hér að neðan, sýnir hver iðgjöld eru við mismunandi greiðsluskilmála fyrir tvo áhættuflokka<sup>1)</sup> (mismunandi lönd). Iðgjöldin eru í hundraðshlutfalli af útflutningslánum sem tryggingin nær yfir. Láns- tími er reiknaður frá útskipun vörunnar.

**h) Greiðsla skaðabóta:** Sannanir fyrir gerðum kröfum skulu sendast Ríkis- ábyrgðasjóði eins fljótt og unnt er. Þegar upphæð bóta hefur verið ákveðin með til- liti til tryggingarskilmálanna, greiðist hún út 6 mánuðum eftir gjalddaga.

Hafi Ríkisábyrgðasjóður greitt út bætur vegna tryggingar á útflutningsláni, ber tryggingartaka (útflytjanda) að aðstoða Ríkisábyrgðasjóð við að innheimta kröfuna hjá hinum erlenda kaupanda.

	Stjórnmalaleg áhætta %	Stjórnmalaleg og viðskiptal. áhætta %	Kaupandi er opinber aðili %
Staðgreiðsla við móttöku skjala . . . . .	0,3—0,25	0,2—0,45	0,6—0,3
Allt að 6 mán. greiðslufrestur . . . . .	0,05—0,35	0,45—0,75	0,1—0,5
6—12 mán. greiðslufrestur . . . . .	0,1—0,7	0,9—1,5	0,2—1,0
10% innborgun við pöntun:			
10% innborgun við móttöku skjala:			
80% í jafnstórum hálfárs afborgun- um undir 2 árum . . . . .	0,1—0,8	1,1—1,8	0,2—1,2
80% í jafnstórum hálfárs afborgun- um undir 5 árum . . . . .	0,3—1,8	2,3—3,8	0,5—2,5
80% í jafnstórum hálfárs afborgun- um undir 10 árum <sup>2)</sup> . . . . .	0,5—3,3	4,3—7,1	1,0—4,7

1) Í sænskri töflu, sem þessi er unnin úr, voru þrír áhættuflokkar. Flokkurinn, sem sleppt er hér, er á milli þeirra, sem hér eru sýndir.

2) Eingöngu vegna viðskipta við Þróunarlöndin.